

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi, Skarðshlíð, 3. áfangi, Völuskarð 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 14. júlí 2021 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, þar sem byggingarreitur er breytt og krafa um bundna byggingarlínu næst Völuskarði fellur niður.

Húsið verður tveggja hæða í stað þriggja hæða. Hámarksbyggingarmagn 350 fm.

*Breyting á deiliskipulagi, Skarðshlíð, 3. áfangi, Völuskarð 14.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 28. júlí 2021 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, þar sem byggingarreitur stækkar um 33 fm og verður 336 fm í stað 303 fm. Byggingarreitur breytist og verður næst lóðarmörkum 4,5 m. Byggingarmagn er óbreytt. Bílastæði verða fjögur í stað tveggja innan lóðar. Fallið er frá bundinni byggingarlínu. Húsið verður parhús í stað tvíbýlishúss.

*Breyting á deiliskipulagi, Skarðshlíð, 3. áfangi, Tinnuskarð 32.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 7. júlí 2021 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, þar sem raðhús verður parhús með 2 íbúðir. Byggingarreitur er stækkaður. Byggingarlína næst götu verður bundin að lágmarki 5 m í stað 9 m. Heimilt verður að byggja tveggja hæða pallahús í stað eins til þriggja hæða húss á lóðinni.

Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum á íbúð og verða því fjögur stæði í stað tveggja innan lóðarinnar.

*Breyting á deiliskipulagi Norðurbæjar, Heiðvangur 20.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 28. júlí 2021 breyting á deiliskipulagi Norðurbæjar þar sem byggingarreitur er stækkaður og mun liggja 20 cm frá lóðamörkum aðliggjandi lóðar við Heiðvang 22. Bygging meðfram lóðamörkum skal ekki vera lengri en 10,7 m. Hámarksbyggingarmagn skal vera 183 fm á lóð.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*Hafnarfirði, 28. júlí 2021.*

**Berglind Guðmundsdóttir** skipulagsfulltrúi.